

Ed.

1042. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Um fátt hefur verið meira rætt í sambandi við landbúnað hér á landi hin síðari ár en þau vandamál í framleiðslu búvara, sem átt hafa sér stað á síðari árum og kennd hafa verið of mikilli framleiðslu á búvörum.

Þessa þróun má rekja allt til ársins 1976, en það ár skorti 500 þús. gkr. til að sá réttur, sem landbúnaðurinn nýtur til útflutningsbóta, nægði til að verðbæta útfluttar búvörur. Þessi vandi hefur síðan sífellt aukist og nam vöntun á útflutningsbótafé á síðasta framleiðsluári ca. 5.3 millj. gkr. og hafði þannig 12.5-faldast á fjórum árum. Séu þessar tölur færðar til sambærilegs verðlags, hefur þessi vöntun 4—5-faldast frá árinu 1976 til ársins 1980.

Vöntun útflutningsbótafjár verður ekki rakin til framleiðsluaukningar í landbúnaði nema að sáralitlu leyti, þar sem hún nemur einungis 3—4% á þessum sömu árum. Þessi vandamál í búvöruframleiðslunni eiga rætur í þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, en eins og kunnugt er tvöfaldaðist verðbólgan í landinu frá árinu 1976—1980.

Því er það, að forsenda þess, að unnt sé að ná jafnvægi í búvöruframleiðslunni þannig að það fjármagn, sem landbúnaðurinn nýtur til verðbóta á útfluttar búvörur, nægi, er að verðlag hér á landi komist í svipað horf og er í viðskiptalöndum okkar.

Í forsendum fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna frá 23. júní 1980 eru færðar tvær ástæður fyrir útgáfu þeirra, þ. e. að tryggja innlenda fóðurframleiðslu vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum, sem hingað eru fluttar, og það ástand sem landbúnaðurinn hefur búið við í framleiðslu- og markaðsmálum.

Við athugun á kjarnfóðurverði kemur í ljós, að frá því í júnímánuði 1980 til aprílmánaðar 1981 hefur kjarnfóður hækkað erlendis um 44.5%. Á sama tíma nemur hækkun kjarnfóðurs hér á landi ca. 142%, en að frádregnu því gjaldi, sem nú er lagt á kjarnfóður, hefur verð þess tvöfaldast á tæpu ári.

Erlendar niðurgreiðslur á innfluttu kjarnfóðri hafa að mestu verið felldar niður og eru því ekki lengur forsenda skattlagningar á innfluttu kjarnfóðri.

Eftir eitt kaldasta árferði á þessari öld fækkaði bústofni, sem settur var á fóður veturinn 1979—1980, verulega. Fækkun mjólkurkúa nam 7.25% miðað við meðalkúafjölda í landinu fjögur næstu ár á undan. Með svipaðri meðalnyt var þannig augljóst að mjólkurframleiðslan hlyti að dragast saman og yrði, eins og raunar síðan hefur komið fram, í samræmi við þarfir innanlandsmarkaðarins. Jafnvægið í mjólkurframleiðslunni var því komið á hálfu ári fyrir setningu bráðabirgðalaganna.

Að því er varðar heimildir til að aðlaga hið svonefnda kvótakerfi hinum ýmsu búskaparaðstæðum er ekki um neinar rýmkanir að ræða frá fyrri heimildum í lögum og reglugerð. Augljóst er að í þeim efnum verður að fella lög að þeim margháttaðu tilbrigðum, sem komið hafa í ljós við undirbúning að notkun framleiðslukvóta í landbúnaði og nú fyrst liggja fyrir.

Sjálfstæðismenn hafa í mörg ár bent á þá leið út úr vanda landbúnaðarins að greiða hluta þess fjár, sem rennur til niðurgreiðslna og uppbóta, beint til bænda og mætti þá takmarka þessar greiðslur við ákveðna bústærð. Alþingi ályktaði um þetta efni 22. maí 1979 og slík heimild var tekin upp við breytingu framleiðsluráðslaga um líkt leyti. Með reglugerð nr. 15/1979 var síðan kveðið nánar á um framkvæmdina, en þar segir:

„Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, að ákveðnu marki, en síðan stíglækkandi eftir því sem framleiðslan vex.

Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða, eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið skv. landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umfram afurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meir en 25%. Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Um greiðslu til félagsbúa fer skv. 7. málsg. a-liðar og þessum ákvæðum, eftir því sem við á. Afurðaverð til framleiðenda skv. verðlagsgrundvelli breytist til samræmis við þessa beinu greiðslu eftir því sem um er samið við ríkisstjórnina. Samkomulag um þessa greiðslu skal gert til minnst eins árs í senn.

Greiðslur skulu sendar framleiðendum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er Framleiðsluráði að greiða á bankareikning eða til verslunaraðila, eftir tilvísun viðkomandi framleiðanda.“

Þessi heimild í lögum og reglugerð hefur enn ekki verið notuð, en fyllsta ástæða er til að ætla, að framkvæmd hennar hefði orðið til verulegra hagsbóta í því varnarstriði, sem bændur hafa háð.

Með hliðsjón af framanrituðu, tilvísun til nefndarálits sjálfstæðismanna í neðri deild og heildarstefnu Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarmálum um langt skeið leggjum við til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. maí 1981.

Egill Jónsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Verðþróun algengrar fódurblöndu (kúafóður) frá júní 1980—apríl 1981.

	verð pr. tonn c.i.f. Reykjavík	fóðurbætisgj. pr. tonn 33.3%	gengi Dkr. (ca.)	hækkun verðs m.v. innkaupsv. m. gjaldi
f.24. júní 80	Dkr. 1 275.00	0	81.70	100
júlí 80	Dkr. 1 275.00	37 062.00	87.50	143
okt. 80	Dkr. 1 245.00	38 880.00	93.80	150
nóv. 80	Dkr. 1 300.00	41 319.00	94.95	158
jan. 81	Dkr. 1 655.00	Nýkr. 544.00	1.037	220
mars 81	Dkr. 1 825.00	— 598.00	0.987	230
apríl 81	Dkr. 1 842.00	— 599.00	0.984	231

Útsöluverð af lager í Reykjavík fyrir 24. júní 1980 (20.6.) Kr. 122.800.00 100%
Útsöluverð af lager í Reykjavík í apríl 1981 Nýkr. 2 974.00 242%
Ástæða fyrir meiri hækkun útsöluverðs en innkaupsverðs eru hækkunir inn-
lends kostnaðar (uppskipun, vöru- og afgr.gjöld) svo og álagning á fóður-
bætisgjald.

Reykjavík, 8. maí 1981.